

EFTIRLITSSKÝRSLA

Becromal Akureyri



Dags eftirlits	6.10.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Becromal	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Heimili	Krossanesbraut	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902070120	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Urszula Tloka	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Christopher R. Tucker	Staðsetning	540624,714 578699,611

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti og engar breytingar fyrirhugaðar. Hráefnagæymsla var skoðuð og hafa engar breytingar verið gerðar þar frá fyrra eftirliti. Ultrasil brúsar stóðu á lekabittum sem og bretti með efnunum til framleiðslunnar.

Magn ammóníaks í útblæstri var mælt í janúar 2015 og voru gildin innan marka starfsleyfis, eða 7,5 ppm en losunarmörkin skv. starfsleyfi eru 10 ppm.

Rotþró var sett niður við verksmiðjuna síðastliðið haust skv. gr. 2.5 í starfsleyfi, til að taka við frárennsli frá starfsmannaaðstöðu. Sú framkvæmd ásamt byggingu jöfnunartanks árið 2014 sem tekur við öllu öðru frárennsli verksmiðjunnar, hefur uppfyllt ákvæði um fráveitu til bráðabirgða skv. 6. gr. í starfsleyfinu. Frágangur rotþróarinnar var snyrtilegur og er hún staðsett austan við bílaplan verksmiðjunnar. Önnur rotþró er staðsett vestan við verksmiðjuhúsið. Rotþróin er í eigu Norðurorku sem sér um að þjónusta hana.

Niðurstöður pH mælinga í frárennsli eru sendar eftirlitsaðila mánaðarlega og hafa þær allar verið innan marka starfsleyfis frá síðasta eftirliti. Mælingar á COD og svifögnum árið 2014 voru einnig innan marka starfsleyfis. Skv. gr. 3.1 í starfsleyfi ber að mæla kvikasilfur á fimm ára fresti og var síðasta mæling gerð árið 2011. Minnt er á að næsta mæling skuli fara fram á næsta ári.

Öll úrgangs spilliefni fara til endurvinnslu og eru þau geymd í gámi fyrir utan verksmiðjuna. Gámurinn er læstur og er umgengnin þar mjög góð. Umgengni á flokkunarsvæði úrgangs, á bak við verksmiðjuna er einnig mjög góð og allt í sérmerktum körum.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til eftirlitsaðila á réttum tíma.

Rekstraraðili hefur uppfyllt ISO14001 umhverfisstaðalinn og hefur fyrsta úttekt farið fram.

Engar kvartanir eða óhöpp hafa komið upp frá því í síðasta eftirliti, hvorki til rekstraraðila, Heilbrigðiseftirlits né eftirlitsaðila.

Gengið var um verksmiðjuna og útisvæði. Var það snyrtilegt og vel við haldið.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Rætt var um viðauka starfsleyfis þar sem fram koma áætlaður styrkur og magn efna í frárennsli viðað við fullbúna verksmiðju. Tölurnar í viðaukanum eru ekki losunarmörk heldur viðmið. Skv. gr. 2.13 í starfsleyfi átti rekstraraðili að senda inn skýrslu til eftirlitsaðila þar sem efnanotkun er yfirfarin m.t.t. bestu fánlegu tækni. Óskað var eftir því að sú skýrsla yrði endurskoðuð miðað við þá stöðu sem er á verksmiðjunni í dag og send eftirlitsaðila.

Viðstödd eftirlitið voru einnig María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Rúnar Sigurpálsson.

Reykjavík, 14.10.2015

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.